



Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps miðvikudaginn 9. nóvember 2011, kl. 13:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður, Herdís Erna Matthíasdóttir og Egill Sigurgeirsson. Einnig sat fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er þrjár blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1102006 Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, Vestfjarðarvegur frá Eiði í Vattarfirði að sveitarfélagamörkum í Kjálkafirði.

Erindi Skipulagsstofnunar dagsett 19. október 2011.

Gerð er breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 þar sem Vegagerðin hefur óskað eftir því að breyta veglínu Vestfjarðarvegar milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði. Markmið breytinganna er að auka umferðaröryggi á svæðinu með öruggari og burðarmeiri vegi sem og fækkun einbreiðra brúa. Breytingin er í samræmi við markmið gildandi aðalskipulags um vegi.

Skipulagsnefnd samþykkir framkomnar athugasemdir Skipulagsstofnunar og hefur orðið við þeim.

Skipulagsnefnd samþykkir umhverfisskýrslu ásamt skipulagsuppdrætti og greinargerð dagsett 19. október 2011, sem var auglýst skv. 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust á auglýstum tíma.

Aðalskipulagsbreytingin er hér með samþykkt.

2. 1106002 - Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, deiliskipulag fyrir Þórisstaði.

Skipulagslýsingar vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi og fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi vegna Þórisstaða í Þorskafirði, erindi og skýrslur frá X2 hönnun – skipulag ehf. dagsett 20. október 2011.

Skipulagsnefnd samþykkir beiðni X2 hönnun- skipulag ehf. um breytingar á aðalskipulagi 2006 -2018 vegna fyrirhugaðs frístundasvæðis í landi Þórisstaða í Þorskafirði. Einnig er heimilað að hefja vinnu við deiliskipulagsgerð samfara aðalskipulagsbreytingunni. Fyrirhuguð uppbygging gerir ráð fyrir allt að 15 lóðum fyrir frístundahús og þarf að gera breytingu á gildandi aðalskipulagi. Sú breyting er fólgin í því að skilgreina hluta skipulagssvæðisins sem svæði fyrir frístundabyggð.

3. 1102005 – Deiliskipulag fyrir Tröllenda í Flatey.

Skipulagið var auglýst skv. 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Auglýstur tími á skipulagstillögunni var frá 22. september – 5. nóvember 2011 og bárust alls 16 athugasemdir, 14 á auglýstum tíma og 2 eftir að athugasemdafrestur rann út og verða þær teknar til greina.

Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum;

*Vatnsveitu Flateyjar dagsett 25. október 2011,
Gunnari Sveinssyni dagsett 28. október 2011,
Fornleifavernd ríkisins dagsett 28. október 2011,
Baldri Ragnarssyni og Guðrúnu Mörtu Ársælsdóttur dagsett 30. október 2011,
Hafsteini Guðmundssyni dagsett 31. október 2011,
Dagbjörtu Höskuldsdóttur dagsett 2. nóvember 2011,
Karli Amarssyni og Bylgju Hrönn Baldursdóttur 3. nóvember 2011,
Höllu Dís Hallfreðsdóttur og Helga Björgvini Haraldssyni 3. nóvember 2011,
Breiðafjarðarnefnd 3. nóvember 2011,
Ingvaldi Eypórsdóttur dagsett 4. nóvember 2011,
Herði Guðmundssyn 4. nóvember 2011,
Ólínu Jóhönnu Jónsdóttur, Hafþóri Hafsteinssyni, Lísu Kristjánsdóttur, Hrönn Hafþórsdóttur, Rán Magnúsdóttur, Írisi Hrannarsdóttur og Gunnari Ágústssyni 4. nóvember 2011,
Framfarafélagi Flateyjar 4. nóvember 2011,
Önnu Sigrúnu Baldursdóttur 5. nóvember 2011,
Tryggva Gunnarssyni 7. nóvember 2011 og
Sigrúnu Jónsdóttur 7. nóvember 2011.*

Skipulagsnefnd hefur yfirfarið allar athugasemdir og mun vegna fjölda athugasemda gefa sér lengri tíma til að fara yfir gögnin.

4. 1004004 - Innstipollur deiliskipulag.

Eldra deiliskipulag frá árinu 1996 fellur úr gildi. Skipulagsnefnd samþykkir framkomnar athugasemdir Skipulagsstofnunar og hefur orðið við þeim. Skipulagið samþykkt.

5. 1110022 – Lóðarúthlutun í Flatey.

Nefndin leggur til við hreppsnefnd að farin verði útboðsleið í úthlutun lóða í Flatey og sett verði lágmarksverð á pr lóð. Útbúa þarf reglur og skilmála varðandi lóðarúthlutun.

6. 1105005 - Stígagerð í Flatey.

Fyrir liggur skipulagsuppdráttur dagsett 3.október 2011 sem sýnir gönguleiðir um Flatey samkvæmt aðalskipulagi. Leitað verður meðmæla Skipulagsstofnunnar og viðeigandi stofnanir.

7. 1106004 – Embætti skipulags- og byggingafulltrúa.

Erindi frá sveitarstjóra Dalabyggðar dagsett 20. október 2011.

Nefndin mælir með til hreppsnefndar um þátttöku í skipulags- og byggingarfulltrúasamlagsins.

8. 1111020 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir efni í skemmu.

Umsókn fh. formanns félags áhugamanna um bátasafn á Breiðafirði dagsett 8. nóvember 2011.

Nefndin vill að tryggilega verði gengið frá efninu svo ekki stafi fókætta af. Stöðuleyfi er veitt til 1. des 2012

9. Umsögn um drög að skipulagsreglugerð.

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 3. nóvember 2011.

Nefndin veitir ekki umsögn um drög að nýrri skipulagsreglugerð.

10. 1110002 – Reykhólar 139639, skipting lands.

Erindi frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu 4. nóvember 2011, svar við athugasemdum byggingafulltrúa.

Lagt til afgreiðslu vegna landskipta á eftirfarandi spilda.

Spilda- Ástún 40429m²

Spilda – Seljanes. 54792m²

Spilda- Garðshorn 44314m²

Spilda – Sæmundartún 40850m²

Nefndin samþykkir landskiptin.

Mál til kynningar:

11. 1111002 – Fundargerðir 340. og 341. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands.

Fundargerðir kynntar.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:30
